

Fundinn sátu: Andri Þór Sturluson, Ásta Guðrún Helgadóttir, Birgitta Jónsdóttir, Björn Leví Gunnarsson, Einar Brynjólfsson, Gunnar Hrafn Jónsson, Gunnar I. Guðmundsson, Jón Þór Ólafsson, Smári McCarthy, Baldur Karl Magnússon og Eiríkur Rafn Rafnsson sem ritar fundargerð.

1. Fundargerð

Fundargerð frá 5. apríl 2017 samþykkt.

2. Bréf af þingflokksformannafundi (ÁH)

Ásta gerði grein fundi þingflokksformanna og fór yfir drög að dagskrá vikunnar. Rætt um störf nefnda í umfjöllun um fjármálaáætlun.

3. Dagskráin í dag og næstu daga (ÁH)

Farið yfir dagskrá þingfundar í dag. Birgitta og Björn taka þátt í óundirbúnum fyrirspurnartíma og beina fyrirspurnum sínum til velferðarráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra. Einar og Björn munu fara í sérstakar umræður um kennaraskort og Andri Þór og Birgitta í sérstakar umræður um húsnæðismál. Björn Leví og Smári eru með munnlegar fyrirspurnir í dag. Björn, Einar, Smári og Birgitta ætla í störf þingsins á morgun. Þingvaktir næstu daga og skráningar í störfin voru rædd.

4. Bréf úr nefndum

Viðstaddir gerðu grein fyrir stöðu mála í nefndum.

5. "Stand-up" (elevator pitch fyrir þingflokkinn)

Dagskrárlið frestað.

6. Starfsmannamál með framkvæmdaráði (ÁH)

Birgitta valin fulltrúi þingflokks í ráðningarferli.

7. Byggðastofnun (ÁH)

Ákveðið að skoða nánar hlutverk stjórnar áður en ákveðið er um framhaldið.

8. Þarfagreining á innri vef Alþingis (ÁH)

Samþykkt samhljóða að Birgitta verði fulltrúi þingflokks á fundi vinnuhóps þingmanna á fundi 25. apríl 2017.

9. Fjárveiting: Cyber security summit (BJ)

Dagskrárlið frestað.

10. Fjármálaáætlun - nefndarvinna (ÁH/BLG)

Rætt um nefndarvinnu Pírata við fjármálaáætlun og umsagnir frá nefndum.

11. Önnur mál

Rætt um innleiðingu nýs starfsfólks. Ákveðið að taka boði um ferð til Bandaríkjanna, fulltrúi ákveðinn síðar.